

L Ö G

60

29. marz

um launajöfnuð kvenna og karla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árunum 1962—1967 skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu.

2. gr.

Hinn 1. jan. 1962 skulu laun kvenna í starfsgreinum skv. 1. gr. hækka um $\frac{1}{6}$ hluta launamismunarins og síðan árlega hinn 1. jan. ár hvert fram til 1967 hækka sem nemur launamismuninum, eins og hann er í upphafi hvers árs, deildum með fjölda þeirra hækkana, sem eftir er að veita hverju sinni. Fullum launajöfnuði skal náð 1. jan. 1967.

3. gr.

Hin árlega launahækkun skal ákveðin af þriggja manna nefnd — launajafnaðarnefnd — einum skipuðum af félagsdómi og er hann formaður nefndarinnar, öðrum skipuðum af Alþýðusambandi Íslands og hinum þriðja skipuðum af Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn mann til vara. Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár í senn. Ákvarðanir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir og verða ekki bornar undir dómstóla. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

4. gr.

Stéttarfélög þau, er semja um kaup og kjör fyrir konur í starfsgreinum skv. 1. gr., skulu í nóvembermánuði ár hvert, í fyrsta sinn 1961, sækja um launahækkanir til nefndarinnar og láta fylgja með eintök af viðkomandi kjarasamningum. Tekur nefndin síðan ákvörðun um launahækkun í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. og birtir hana.

Stéttarfélögum er heimilt í stað þess að láta launajafnaðarnefnd ákvarða launahækkun að semja um hækkunina við vinnuveitendur, enda staðfesti nefndin slíka samninga.

5. gr.

Lög þessi skerða ekki á nokkurn hátt rétt stéttarfélaganna til að semja um það við vinnuveitendur, að launajöfnuði skuli náð á skemmri tíma en lögín mæla fyrir um.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

A 22